



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. september 2025
USK25090065

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 17. september 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Reykjavíkurflugvöllur - breyting á deiliskipulagi - Skilgreining nýrra lóða

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar vegna skilgreiningu nýrra lóða við Nauthólsveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreind er ný lóð, Nauthólsvegur 64-66, þar sem flugstjórnarmiðstöðin og spennistöð standa í dag. Auk þess er skilgreind lóð á reit Nauthólsvegar 56-60, Nauthólsvegur 58E. Áður skilgreindir byggingarreitir innan nýrrar lóðar 64-66 haldast óbreyttir og helst heildarbyggingarmagn á reitnum/nýrri lóð óbreytt, bæði ofan- og neðanjarðar. Reitarafmörkun fyrir Nauthólsveg 54 minnkar til samræmis og breytast nýtingarhlutföll vegna breyttra lóða/reitastærða. Á nýrri lóð að Nauthólsvegi nr. 58E verður heimilt að setja upp flugvallarbúnað þ.m.t. mastur allt að 30m hátt, skv. uppdr. T.ark arkitekta, dags. 13. ágúst 2025.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Sumarið 2023 sendi Isavia þrjú erindi til Reykjavíkurborgar með ósk um minni háttar breytingar á skipulagi í því skyni að auka öryggi á Reykjavíkurflugvelli. Erindin varða breytingar á deiliskipulagi vegna nýrra aðflugsljósa við vesturenda flugvallarins, lítils háttar færslu á eldsneytisgeymum innan flugvallarins, og uppsetningu á myndavélamastri fyrir fjarturn á flugvellinum. Óhæfilegur dráttur hefur orðið á afgreiðslu áðurnefndra erinda. Hafa borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítrekað óskað eftir að úr því verði bætt og umrædd erindi lögð sem fyrst fyrir umhverfis- og skipulagsráð til umfjöllunar og afgreiðslu. Ánægjulegt er að fyrirliggjandi tillaga felur m.a. í sér afmörkun lóðar fyrir umrætt myndavélamastur. Æskilegt er að önnur erindi Isavia um skipulagsbreytingar í þágu flugöryggis hljóti afgreiðslu sem fyrst.


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið




Reykjavík



Fylgiskjöl: Reykjavíkurflugvöllur, tillaga að deiliskipulagi, dags. 13. ágúst 2025.



GILDANDI DEILSKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR, mkv. 1:1000



TILLAGA AÐ DEILSKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR, mkv. 1:1000

	Gömluleiti og nr.	Eldra heiti (í fasteignaskrá)	Bygging m ²	Reitur / Lóð	Nýj Stærð reitar m ²	Ný Stærð reitarlóðar m ²	Nýj NHLF	Nýja NHLF	Skilmálar
	Nauthólsvegur 54	Flugnum	2023	NAUTHÓLSVEGUR 54	3.952	980	2.06	2.88	Heimilt er að byggja við flugnumm skv. almennum skilmálum og gildandi heðanmörkunum.
	Nauthólsvegur 56	Skrifstofa flugvegar	7643						Heimilt er að rífa Nauthólsveg 56
	Nauthólsvegur 58	Flugskýli 1	4928						Lagr er til að bræggjum (58H) nýtt verndar í raðunum flokki. Flugnumm (58I) var friðaður 18. maí 2011
	Nauthólsvegur 60	Ah.hús og veitar. vélageymsla	1817 630	NAUTHÓLSVEGUR 56-60	20.986	20.743	0.69	0.72	Kvæð er um umferð Nauthólsvegur 50&52 um reitum.
	Heimil nýbygging	skrifstofa/flugskóli	387						Heimilt er að reisa vélageymstu á einni lóð á reitnum.
	Heimil nýbygging	flugvallahúsnæði	713	NAUTHÓLSVEGUR 58E	0	243	0.69	0.21	Heimilt er að reisa flugskýli á einni lóð á reitnum.
	Nauthólsvegur 62	Flugskýli 7	1800	NAUTHÓLSVEGUR 62	8.416	8.416	0.08	0.30	Heimilt að strekka flugstöðumstöð samkvæmt nýrri lögum í greinargerð.
	Nauthólsvegur 64	Spennistöð	102						Strekkurinn er undanskilin almennu ákveðnum deiliskipulagsins sem lita að tannatöðunum byggja
	Nauthólsvegur 66	Flugstöðumstöð	3091	NAUTHÓLSVEGUR 64-66	10.600	13.890	0.55	0.42	Strekkurinn er undanskilin almennu ákveðnum deiliskipulagsins sem lita að tannatöðunum byggja
	Heimil nýbygging	strekkur flugskýlamiðst.	2600						Strekkurinn er undanskilin almennu ákveðnum deiliskipulagsins sem lita að tannatöðunum byggja